

7. Fundur Samfélagsnefndar. Haldin 7.3.2019 klukkan 16:30 í Végarði.

Allir mættir: Arna Björg Bjarnadóttir, Þórhallur Jóhannsson, Lárus Heiðarsson og Jóhann F. Þórhallsson. Signý Ormarsdóttir komst ekki á fundinn.

Dagskrá fundarins

1. Íbúáþing / Samfélagsþing / Fljótsdalsþing. Sigurborg og næstu skref.
2. Vélaskemma og örnefnaskráningar verkefni - fyrirspurn oddvita um að það verði tekið fyrir á Íbúáþingi.
3. Fimmtudagar í Fljótsdal.
4. Markaðssetning á Fljótsdal.
5. Önnur mál.

1. Íbúáþing / Samfélagsþing / Fljótsdalsþing. Sigurborg og næstu skref.

Fresta varð samfélagsþingi sem vera átti um miðjan mars vegna veikinda Sigurborgar. Hún mun á næstu dögum leggja til nýja dagssetningu. Fundarmönnum finnst að þingið eigi að kalla samfélagsþing, en ákveðið að hugsa málið fram að næsta fundi. Stofnuð verður fésbókarsíða í sambandi við samfélagsþingið og verður íbúum, brottfluttum, landeigendum, sumarbústaðaeigendum og starfsfólki fyrirtækja sem starfa í hreppnum boðið þangað inn.

2. Vélaskemma og örnefnaskráningar verkefni - fyrirspurn oddvita um að það verði tekið fyrir á Íbúáþingi.

Nefndin tekur vel í að þessi málefni verði til umræðu á þinginu og útfærsla verður unnin áfram í samstarfi við Sigurborgu.

3. Fimmtudagar í Fljótsdal.

Nefndin vinnur að skipulagningu viðburða á fimmtudagskvöldum fyrir íbúa. Ákveðið að fyrsta kvöldið verði haldið 21. mars.

4. Markaðssetning á Fljótsdal.

Rætt um hvernig hægt væri að kynna Fljótsdalinn betur fyrir almenningi í landinu. Einn möguleiki væri markaðsherferð og þá er spurning hvað við auglýsum.

5. Önnur mál.

Ítreka við oddvita að safna saman upplýsingum sem beðið var um fyrir áramót.

Oddvita falið að koma með íbúaskrá vegna undirbúnings fyrir samfélagsþing.

Helga Eyjólfsdóttir hefur óskað eftir að koma á fund nefndarinnar en hún er í ferðþjónustunámi á Hólum og er að leita sér að lokaverkefni.

Arna ætlar að setja sig í samband við Háskólann á Akureyri og athuga hvort hægt væri að gera og senda spurningakönnun á íbúa til að athuga hvert hugur þeirra stefnir varðandi framtíðarsýn sveitarinnar. Upplýsingar úr svoleiðis könnun ættu að nýtast nefndinni og sveitarstjórn.

Fundi slitið klukkan 19:00

Lárus ritaði fundargerð í tölvu